

L Ö G

um virkjun Svartár í Skagafirði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela Rafmagnsveitum ríkisins að virkja Svartá í Skagafirði við Reykjafoss í allt að 5500 hestafla raforkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu til Sauðárkróks til tengingar þar við veitukerfi Norðurlands vestra.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, er Rafmagnsveitur ríkisins taka, allt að 86 milljónum króna eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, er um getur í 1. gr.

3. gr.

Fella skal niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum til Svartárvirkjunar, sbr. 1. gr.

4. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að festa kaup á vatnsréttindum á vatnasvæði Svartár og landsréttindum í þágu Svartárvirkjunar, ef viðunandi kjör fást, eða taka þau eignarnámi að öðrum kosti. Gilda um það ákvæði 54. og 55. gr. vatnalaga, nr. 15 20. júní 1923, sbr. 146.—150. gr. sömu laga, eftir því sem við á.

5. gr.

Heimilt er að endurgreiða kostnað þann, sem sveitarfélög á Norðurlandi vestra hafa greitt vegna undirbúnings virkjunar í Svartá, og telja með stofnkostnaði Svartárvirkjunar, enda öðlist Rafmagnsveitur ríkisins þá eignarrétt á öllum uppdráttum, áætlunum og gögnum um virkjun í Svartá, sem aðilar þessir hafa látið gera.

6. gr.

Óski sveitarstjórnir á Norðurlandi vestra að gerast eignaraðilar að Svartárvirkjun og öðrum orkuverum á orkuveitusvæðinu, er ráðherra heimilt að gera samninga þar um fyrir hönd Rafmagnsveitna ríkisins.

Um stofnun og rekstur raforkuvers og raforkuveitna, sem um getur í 1. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum orkulaga, nr. 58 29. apríl 1967.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.